

Stjórnarfundur LH 5. maí 2005

5. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru stjórnarmennirnir; Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinnsson, Sigfús Helgason, Guðný Ívarsdóttir, Sigurður Emil Ævarsson og Einar Ragnarsson og úr varastjórn Halldór Halldórsson, María Þórarinsdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir. Aðrir boðuðu forföll.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu LH í Laugardal. Eftirfarandi var bókað.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar yfirfarinn samþykkt með leiðréttingu.

2. Úthlutun reiðvegafjár 2005

Farið yfir úthlutun ferða- og samgöngunefndar á reiðvegafé 2005. Umsóknir að upphæð 214.771.875,- kr. bárust en nefndin úthlutar krónum 37.900.000,-. Sú upphæð er þó háð samþykki Vegagerðarinnar og að Alþingi samþykki samgönguáætlun. Mótframlög voru rúmar 32 milljónir sem er óvenju há upphæð og kemur að mestu frá sveitarfélögunum.

Stjórn LH samþykkir samhljóða úthlutun reiðveganefndar 2005 með ofangreindum fyrirvörum.

Rætt um veghaldara og hver á að teljast slíkur. Stjórn telur nauðsynlegt að sveitarfélögin eigi reiðvegi landsins. Samþykkt að hafa samband við Atla Má Ingólfsson um málið og reyna að fá niðurstöðu í því.

SÖ skrifi þakkarbréf til sveitarfélaganna og þakki rausnarlega stuðning þeirra við reiðvegagerð.

3. Skipulagsmál

Haraldur, Ingvar og Sigrún Valdimarsd. fóru yfir málið og höfðu samband við Bjarna Snæbjörn Jónsson ráðgjafa, sem kom með tillögu að stefnumótunarfundi stjórnar LH, ásamt öllum formönnum starfsnefnda og hugsanlega fyrrum formönnum LH. Um 30 manns er boðað á fundinn og hefst hann klukkan 9:30 föstudaginn 20. maí og stendur fram eftir degi. Mikilvægt að mæting verði góð.

4. Skógarhólar

Guðný og María hafa skoðað málið í samvinnu við sveitarstjórnir á svæðinu, sem leggja áherslu á að áfram verði aðstaða fyrir hestamenn í þjóðgarðinum. Hins vegar er ljóst að þjóðgarðsfólk vill ekki framhald á gistiaðstöðu á Skógarhólum heldur aðeins áningu og hugsanlega næturhólf fyrir hesta. Guðný og María vinni áfram að málinu.

5. Skráning reiðleiða

Halldór Halldórsson, Sigfús Helgason og Þormar Ingimarsson mynda nefnd um málið. Halldór skýrði frá fundi með Landmælingum Íslands, sjá minnispunkta. Ekki var tekin nein ákvörðun um að breyta verklagsreglum heldur halda áfram á sömu braut. Halldór og Sigfús leggja til að reynt verði að ráða launaðan starfsmann til að halda utan um verkefnið. Jón Albert segir frá hugmynd um hvernig hugsanlega megi fjármagna starfsmann til eins árs. Haldið verður áfram að vinna að málinu.

6. Tölvukerfi LH

Samkvæmt upplýsingum frá tölvunefnd að þá er Mótafengur og Kappi tilbúnir til notkunar.

7. Staðarval Landsmóts

Fyrir fundinum lágu tvær umsóknir um LM 2008, frá Rangárbökkum og Fáki. Stjórn LH leggur til að fela stjórn LM ehf. að leita samninga við Rangárbakka um Landsmót 2008. Jafnframt er lagt til að skipuð verði þriggja manna nefnd um framtíðarstaðarval landsmóta. Tillaga um að fá Ásgeir Margeirsson sem formann, Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Guðlaug Antonsson.

8. Sjónvarpsþáttur á Stöð 2

Stöð 2 hefur gert áætlun um 18 þætti um hestamennsku sem sýndur verður á sunnudögum klukkan 20:00. Stöð 2 leggur áherslu á að um vandaða þætti sé að ræða. Þáttagerð af þessu tagi er dýr og leitaði var eftir stuðningi LH um fjármögnun. Samþykkt að taka þátt í verkefninu.

9. Önnur mál:

- a. Rætt um starfshóp landbúnaðarráðherra um aukna fjárveitingu í hestamenskuna. Jón Albert er fulltrúi LH í starfshópnum.
- b. Umhverfisaráðuneytið boðaði til fundur vegna draga að reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands. Sigrún Ögm sótti fundinn og Halldór Halldórsson skrifaði umsögn um málið, sjá fylgiskjal.
- c. Óskað var eftir umsögnum LH um þingsályktunartillögu um búfjárgöng og um samgönguáætlun. Halldór Halldórsson skrifaði umsagnir um bæði málin.
- d. Málþing um utanvega akstur var haldið 23. apríl s.l. og tók Halldór Halldórsson þátt í pallborðsumræðum fyrir hönd LH.
- e. Bréf liggur fyrir frá Jakobi Þór frá vélhjólaklúbbi Vík, þar sem hann biður um fund með LH. Halldór, Jón Albert og Sigríður Sigþórsdóttir munu mæta á fund með honum í næstu viku
- f. Fundur kynbótanefndar með hrossaréktarráðanauti. Ákveðið að fara á fund Bændasamtaka Íslands og ræða við þá um fulltrúa LH í fagraði.
- g. Ákveðin var dagsetning formannafundar LH þann 22. október 2005 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

*Fleira ekki fært til bókar
Einar Ragnarsson, fundarritari*